



# FORVARNARÁÆTLUN SANDGERÐISSKÓLA

2021 - 2025

Sandgerðisskóli - Skólastræti 1 - 245 Suðurnesjabær - [grunnskoli@sandgerdisskoli.is](mailto:grunnskoli@sandgerdisskoli.is) - 425-3100

\*Áætlunin er kynnt, endurskoðuð og laqfærð í byrjun hvers skólaárs.

Forvarnaráætlun Sandgerðisskóla byggir á lögum um grunnskóla (91/2008) og nýrri þingsáætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021 – 2025 (37/150). Forvarnaráætlunin byggir á einkunnarorðum skólans sem eru: Vöxtur, virðing, vilji og vinátta. Sandgerðisskóli er heilsueflandi skóli þar sem lögð er áhersla á andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði í skapandi og hlýlegu námsumhverfi. Markvisst er unnið eftir agastefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* sem byggir á sjálfstjórn, virðingu, jákvæðum samskiptum og auknu sjálfstrausti. Sandgerðisskóli vinnu eftir eineltisáætlun skólans, *Skyldi* er upp koma samskipta – eða eineltismál. Í áætluninni er horft til Heimsmarkmiðana sem skal fléttast inn í alla áætlanagerð Suðurnesjabæjar.

Forvarnaráætluninni fylgir aðgerðaráætlun fyrir starfsfólk og hvern bekk skólans.

Forvarnarteymi skólans ásamt skólastjórnendum bera ábyrgð á að áætluninni sé fylgt.

Allar áætlanir og upplýsingar er að finna á: [www.sandgerdisskoli.is](http://www.sandgerdisskoli.is)

# FORVARNARTEYMI

Í hverjum skóla skal vera starfrækt forvarnarteymi sem hefur það hlutverk að tryggja góða forvarnarkennslu í öllum árgöngum sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið skal passa uppá að forvörnum sé sinnt í öllum bekkjum með fræðslu um lýðheilsu, geðheilbrigði, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, heilbrigðar lífsvenjur, sjálfstjórn og jákvæð samskipti.

Teymið á að vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu. Mikilvægt er að starfsfólk fái allt fræðslu og þjálfun við viðbrögðum ef upp kemst um kynferðislegt ofbeldi og geti nýtt sér aðgerðaráætlun forvarnarstefnunnar.

Í forvarnarteyminu sitja:

- Skólastjórnandi
- Skólahjúkrunarfræðingur
- Sálfræðingur/nemendaráðgjafi
- Námsráðgjafi
- Forstöðumaður frístundaheimilis
- Forstöðumaður félagsmiðstöðvar

# STARFSFÓLK

Allt starfsfólk fær sambærilega þjálfun og fræðslu með gagnvirku netnámskeiði með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum. Efnistöð námskeiðsins byggist á fræðslu frá Barnahúsi sem ber heitið *Verndum þau*.

Starfsfólk fær aðgang að heimasíðu með kennsluefni sem flokkað er eftir aldri nemenda sem byggt er á norsku heimasíðunni [www.jegvet.no](http://www.jegvet.no)

Á hverju ári verði einnig kynning á þeirri forvarnarvinnu sem kennarar fara í með sínum nemendum þegar kemur að heilbrigðum lífsháttum, sjálfstjórn, ofbeldi, jákvæðum samskiptum og sjálfsímynd.

Allt starfsfólk á að vita hvert þeir geta leitað ef þeir telja sig verða fyrir ofbeldi, einelti eða kynferðislegri áreitni.

Markmið forvarnarstefnu Sandgerðisskóla er að veita yfirsýn yfir þær forvarnir sem fara fram í skólanum með skipulögðum hætti. Allir nemendur skólans eiga að hafa fengið forvarnarfræðslu á hverju ári á eftirfarandi:

- Heilbrigðar lífsvenjur
- Geðrækt, sjálfstraust og sjálfsstjórn
- Kynheilbrigði og kynbundið ofbeldi
  - Samskipti og einelti
  - Hreinlæti og slysavarnir
  - Skjánotkun og netmiðlar

NEMENDUR

# AÐGERÐARÁÆTLUN

2021 - 2025

# AÐGERÐARÁÆTLUN - STARFSMENN - FRÆÐSLA/KENNSLA

Viðfangsefni	Aðgerð
<b>Ofbeldi, vanræksla og kynbundið ofbeldi á börnum.</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Gagnvirkt netnámskeið um grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi. Fræðsluefnið er unnið af Barnahúsi og verður gefið út 2021</li><li>- Annað hvert ár mætir deildastjóri félagsþjónustu og barnaverndar og heldur erindi fyrir starfsmenn.</li><li>- Kennarar hafa aðgang að heimasíðunni <a href="http://www.egveit.is">www.egveit.is</a> þar sem kennsluefni fylgir námsefninu sem skal kenna í öllum bekkjum.</li><li>- Gagnvirk fræðsla á barnaheill.is</li><li>- Blátt áfram heimsækir yngsta stig með fyrirlestur.</li><li>- Fræðsluefni frá Barnaheill sýnt í kennslustundum eftir stigum.</li><li>- Kynfræðsla sett inn í skólanámsskrá stiga.</li><li>- Allir starfsmenn upplýstir um ferli sem fer í gang þegar nemandi beitir ofbeldi.</li><li>- Heimsmarkmiðakennsla á öllum stigum, þar sem sérstaklega er rætt um 3. , 5., 10., og 16. markmið sem snúa að heilbrigði, jafnrétti og réttlæti.</li></ul>
<b>Heilbrigðar lífsvenjur</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Virkt heilsueflandi teymi sem velur sér tvo lykilþætti af átta áhersluþáttum <i>Heilsueflandi grunnskóla</i> hvert skólaár og leggur áherslu á fyrir starfsmenn í endurmenntun.</li><li>- Regluleg endurmenntun um áherslu á bekkjarfundi og umsjónartíma og hvernig við stuðlum að góðri geðrækt, sjálfstrausti og sjálfsstjórn</li><li>- Regluleg endurmenntun í agastefnu skólans <i>Uppeldi til ábyrgðar</i>.</li><li>- Að allir starfsmenn eru meðvitaðir um 8 lykilþætti Heilsueflandi skóla með því að hafa þættina sýnilega í vinnuveri starfsmanna.</li><li>- Að upplýsingar um Heilsueflandi skóla sé sýnilegt á göngum skólans.</li><li>- Að samræma skilaboð til heimila um ákjósanlegt nesti sem nemendur eiga að taka með sér og samræma hvað skal leyfa nemendum að koma með í skólann á óhefðbundnum dögum.</li><li>- Starfsmenn sem koma að ákveðnum nemendum sem sýna áhættuhegðun eða einkenni vímuefnanotkunnar fá ráðgjöf og aðstoð með samstarf við heimili.</li></ul>
<b>Samskipti, sjálfstraust, vinátta og sjálfsstjórn</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Á haustin er upprifjun fyrir alla starfsmenn í agastefnu skólans <i>Uppeldi til ábyrgðar</i></li><li>- Umsjónarkennarar nýta sér KVAN – verkfærakistuna og nýir kennarar fá fræðslu.</li><li>- Unnið er eftir samskiptaáætlun skólans Skyldi og starfsmenn fá reglulega endurmenntun í ferli skólans er upp kemur samskiptavandi eða grunur um einelti.</li><li>- Á hverju ári er tekið fyrir á starfsmannafundi viðfangsefni til að efla vináttu og/eða samskipti.</li></ul>

# AÐGERÐARÁÆTLUN - STARFSMENN - FORVARNIR

Viðfangsefni	Aðgerð
<b>Virðing, vinátta, samvinna, traust og víðsýni</b> <i>Starfsmenn eiga að koma fram af vinsemd og bera virðingu fyrir mismunandi störfum, kyni, þjóðerni, aldri og getu.</i>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Regluleg starfsmannaviðtöl og starfsmannakannanir.</li><li>- Reglulegir starfsmannafundir, þar sem farið er yfir líðan í vinnu út frá Skólapúls og starfsmannakönnun.</li><li>- Virkt lýðræði þar sem starfsmenn hafa tækifæri á að tjá sig og finna fyrir því að hlustað sé á þá.</li><li>- Þöllum uppá hvert annað og segjum frá ef við verðum vitni af neikvæðri umræðu gangvart starfsmanni/starfsmönnum</li><li>- Sýnum hlýju og temjum okkur jákvæð samskipti.</li><li>- Allir starfsmenn eiga að tilheyra teymi.</li><li>- Ef starfsmaður finnur fyrir fordómum skal hann leita strax til skólastjórnanda og/eða trúnaðarmanns.</li><li>- Virkt jafnréttis-, forvarna- og samskiptateymi sem fundar reglulega.</li></ul>
<b>Heilbrigði</b> <i>Sandgerðisskóli leggur áherslu á að starfsmenn sinni vel sinni andlegu- og líkamlegu heilsu og þekki vel sín mörk til að koma í veg fyrir kulnun í starfi.</i>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Ýtt undir þátttöku starfsmanna í heilsueflandi áskorunum eins og „göngum í skólann“ og „hjólum í vinnuna“.</li><li>- Reglulegir fundir og hópefli yfir skólaárið.</li><li>- Einstaklingsviðtöl við starfsmenn þar sem þeir hafa tækifæri til að tjá sig.</li><li>- Reglulegar heilsufarsmælingar.</li><li>- Tóbakslaus vinnustaður.</li><li>- Góð vinnuaðstaða.</li><li>- Góð kaffiaðstaða.</li><li>- Námskeið þar sem rætt er um vinnustaðamenningu og áhrif hennar á líðan.</li><li>- Að allir starfsmenn eigi allavega einn samstarfsmann sem hann treystir.</li><li>- Heilsuræktarstyrkur frá sveitarfélaginu.</li></ul>
<b>Sjálfstraust og vellíðan</b> <i>Efling starfsmanna í vinnunni með reglulegum samtölum, virkri hlustun, tilfinningalæsi og hópefli</i>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Reglulegar sjálfskoðanir þar sem starfsmenn þurfa að hugsa um hvað hann gerir vel í vinnu og hvað hann vill bæta (starfsmannaviðtöl)</li><li>- Stjórnendur styðji starfsfólk sitt með hrósi og uppbyggilegri gagnrýni en ekki ásökunum.</li><li>- Að við erum öll saman í liði og við fylgjumst með vellíðan hvers annars.</li><li>- Opin og góð samskipti í stað baktals og pirrings.</li><li>- Efling í starfi með námskeiðum og stuðning við þá sem sækja aukið nám.</li></ul>



# AÐGERÐARÁÆTLUN - STARFSMENN - BROT

Atvik	Aðgerð
Ef starfsmaður telur vera brotið á sér af samstarfsmanni með kynferðislegu eða annarskonar ofbeldi skal hann vera vel upplýstur um hvert það getur leitað til að málið fari í viðeigandi ferli.	<p>- Starfsmaður tilkynnir atvik til skólastjórnanda. Skólastjórnandi fylgir máli eftir með fundi með forvarnarteymi eða beint til fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar eða mannauðstjóra. Meintur þolandi hefur alltaf valið um hvort hann vilji hefja óformlega málsmeðferð eða formlega málsmeðferð. Athugið að meintur þolandi má skipta um skoðun í miðju ferli og breyta um málsmeðferð.</p> <p><u>Óformleg málsmeðferð:</u> Leita er allra upplýsinga hjá meintum þolanda um atvik og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali og ráðgjöf frá sérhæfðum einstakling. Aðrir aðilar innan vinnustaðar ekki upplýstir um málið. Skólastjórnendur fara í að finna leiðir til að breyta og bæta starfsumhverfi á meðan meðferð stendur yfir.</p>
Ef starfsmaður telur vera brotið á sér í vinnu með ofbeldishegðun annarra en samstarfsmanna eins og foreldri eða nemenda skal hann vera vel upplýstur um hvert það getur leitað til að málið fari í viðeigandi ferli.	<p><u>Formleg málsmeðferð:</u> Leitað er til skólastjórnanda sem fylgir málinu eftir í forvarnarráði. Í samstarfi við fjölskyldusvið sveitarfélagsins er tekið ákvörðun um hvaða aðilar þurfi að koma að málinu eins og t.d. sálfræðingur, vinnueftirlit, sambandið eða lögregla. Á meðan það ferli er í gangi á þolandi rétt á stuðning frá sérhæfðum einstakling.</p> <p>Ef starfsmaður treystir sér ekki að leita til skólastjórnanda eða telur jafnvel þeir beita sig órétti getur hann haft samband beint við lögreglu, trúnaðarmann, fjölskyldusvið sveitarfélagsins, vinnueftirlitið, mannauðsstjóra eða stéttarfélagið sitt. Þolendur kynferðislegar áreitni geta ennfremur leitað sér ráðgjafar og stuðning hjá Stigamótum.</p>
Ef starfsmaður telur sig verða fyrir einelti af völdum samstarfsmanna.	Starfsmaður á að leita til skólastjórnanda, hann má hafa aðila með sér sem hann treystir eins og trúnaðarmann eða annan samstarfsmann. Skólastjórnandi fer yfir aðgerðarlista með starfsmanni, sem hefur þá tækifæri í að tjá sig um hvaða aðgerðir hann vilji fara í. Aðgerðir eru frá því að vinna með málið sem samtalsmeðferð með viðtölum við meintan þolanda og meintan geranda, kalla inn fagaðila eins og sálfræðing og finna leiðir til að bæta starfsumhverfi þolanda. Ef starfsmaður hefur kvartað undan einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustað til stjórnanda og hann ekkert gert í málinu eða gripið til ófullnægjandi úrræða þá er hægt að kvarta til Vinnueftirlitsins með því að fylla út form með kvörtun um einelti eða samskiptavanda á vinnustað sem er að finna á vef Vinnueftirlitsins

*Athugið að í öllu ferlinu þarf alltaf að leita til , ráðfara sig og fá samþykki frá þolanda.*